

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 16. júní 2000 nýtt deiliskipulag sunnan við Þelamörk, Hveragerði (Réttarheiði og Bjarkarheiði).

Tilheyrandi greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 20. febrúar 2002.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“ vegna Eyrartraðar 12 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2002 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“ vegna Eyrartraðar 12 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur hússins er stækkaður og breytt er aðkomu að húsinu.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. febrúar 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

1. gr.

Við 9. mgr. 3. gr. bætist svohljóðandi málslíður:

Varðandi flokka H3 til H8, H10 og H11 í ofangreindum viðauka skal miða við mörk sem tilgreind eru í viðauka VI með tilvitnaðri reglugerð.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

7.3 Við mat samkvæmt 1. og 2. mgr. ber að styðjast við mörk í VI. viðauka með reglugerð, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og þegar við á reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 20. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 13. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á eftir sjúkraliðabraut á bls. 151 kemur lýsing á nýrri námsbraut:

Framhaldsnám sjúkraliða (SF)

43 einingar

Framhaldsnám sjúkraliða hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum, en einnig að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana. Námið er samtals 43 einingar, tekur tvær annir í skóla og jafnframt er gert ráð fyrir 8 vikna starfsþjálfun undir leiðsögn hjúkrunarfræðings á stofnun fyrir aldraða.

Brautarlýsing

Heilbrigðisfræði

HBF 303

Hjúkrun

HJÚ 133, 234, 334

Hjúkrun, verkleg

HJV 108

Inngangur að kennslufræði

IAK 102

Lífðlisfræði

LOL 312

Lyfhrifafræði

LHF 213

Sálfræði

SÁL 113, 213

Stjórnun

STJ 102

Upplýsingatækni

UTN 113, 213

Samtals

43 einingar